

**Ed.**

**893. Nefndarálit**

[10. mál]

um frv. til l. um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum en varð ekki einhuga í afstöðu sinni til málsins og skilar álitum meiri og minni hl.

Erindi bárust frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Bandalagi kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasambandi Íslands, Jafnréttisráði og sendiráðum Íslands í Danmörku og Noregi. Lára V. Júlíusdóttir, lögfræðingur ASÍ, mætti til fundar með nefndinni.

Meiri hl. nefndarinnar telur að frumvarpið feli í sér réttindamál sem krefst vandaðs undirbúnings og samráðs við samtök á vinnumarkaði. Meiri hl. leggur því áherslu á að ríkisstjórnin hafi frumkvæði að því að koma á fót viðræðunefnd aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar til þess að gera tillögur um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna. Í trausti þess að framanritað gangi eftir leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 12. mars 1987.

Davíð Aðalsteinsson,  
form., frsm.

Björn Dagbjartsson.

Salome Þorkelsdóttir.

Valdimar Indriðason.

Stefán Benediktsson.